

Hönnun og smíði 2.bekkur 2022 - 2023

Kennarar: Ingibjörg Ó. Þorvaldsdóttir

| 2

Lýsing

Í smíði er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á ólíku smíðaeefni.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nám og viðfangsefni er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Gert er ráð fyrir að nemandi útfæri sjálfur sína eigin hugmynd og smíði.

Í smíði er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á réttar vinnustellingar.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Kennt er í lotum 2svar í viku um það bil 8 vikur í senn.	Minnistafla	Notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
	Nemandinn teiknar ský, (stundum er hægt að horfa til himins og velta því fyrir sér hvernig ský geta verið mismunandi) skýið sagað út með útsögunarsög, pússað og málað. Hvað er hægt á sjá á himninum, t.d. regnboga, stjörnur, flugvélar, fugla. Nemandinn teiknar það sem hann ímyndar sér að hann sjái, sagar út, pússar og litar notar líka brennipennar til skreytingar og límir síðan hlutinn á klemmu sem límist að lokum á skýið.	Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að vinna eftir.
	Naglamynd með fiðrildum	Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
	Örlítið rætt um fiðrildi, skoðaðar myndir af fiðrildum síðan teiknað, klippt út og fært yfir á grenikrossvið sem búið er að pússa. Fiðrildið litað, notaður brennipenni og að lokum negldir naglar í útlínur.	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum.
	Útsagaðir skrautfiskar	Gengið frá eftir vinnu sína.
	Rætt um fiska, skoðaðir skrautfiskar síðan teiknaður klipptur út og færður yfir á 6mm MDF plötu, sagaður út, pússaður, skreyttur og settur á stand.	Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð: Reynt er að stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Læsi: Nemandinn læri og þjálfist í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir greininni.

Jafnrétti: Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og umburðarlyndi.

Lýðræði og mannréttindi: Nemandinn fær þjálfun í að útfæra sín verkefni.

Sjálfbærni: Nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta allan efnivið sem best.

Sköpun: Nemandinn fái tækifæri til að skapa og útfæra sitt verkefni.

Námsmat

Alla lotuna er símat – í lok lotu er nemandinn metinn samkvæmt hæfniviðmiði námskrár og fær hann lokamat í hæfnitáknum.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti nemandans við kennara og samnemendur eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemandinn ber ábyrgð á eigin framkomu og hegðun, að hann mæti á réttum tíma í lotuna, fylgist vel með innlögnum og nýti tímann sinn vel til vinnu. Nemandinn vinnur að mestu leyti sjálfstætt en reyni að hjálpa samnemendum sínum ef því er að skipta. Hlutverk kennarans er aðstoða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, leggi áherslu á góð vinnubrögð, góða umgengni og jákvæð samskipti.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur - Handverk

- Notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur - Hönnun og tækni

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að vinna eftir.

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur - Umhverfi

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur - Menningarlæsi

- Gengið frá eftir vinnu sína.

Sel - Hönnun og smíði 2. bekkur - Lykilhæfni

- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt.
- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.